

Alþingi
Erindi nr. P 131/1344
komudagur 18.4. 2005



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 08.04.2005
Tilv. 073/2005 - 0.53
JLÓ

Með vísan í erindi dagsett 17. mars 2005

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar, 587. mál,
tannlæknakostnaður aldraðra, öryrkja og barna.**


Innan Lýðheilsustöðvar hefur verið fjallað um málið meðal starfsmanna sem fara með tannverndarmál.


Lýðheilsustöð telur að tillaga þess efnis að 2. og 4. mgr. 37. gr. núgildandi almannatryggingalaga verði í reglugerð sé heppileg leið til að auka sveiganleika við að framfylgja stefnumörkun í tannverndarmálum.

Lýðheilustöð telur jafnframt að heppilegt sá að endurskoða þátttöku almannatryggingar í tannlæknakostnaði hjá börnum og unglingum. Um 30% barna fara ekki reglulega til tannlæknis og er talið að ein af ástæðum sé vegna kostnaðar. Tryggja þarf sem best að aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu verði eins óháð efnahag og félagslegum aðstæðum og kostur er.

Þá þykir rétt að benda á mikilvægi þess að samræmi sé milli ráðherragjaldskrár, sem endurgreiðslur miðast við og raunkostnaðar vegna tannlækninga svo kostnaðarhlutdeild almannatrygginga standi undir nafni.

Virðingarfyllst
Lýðheilsustöð


Anna Elísabet Ólafsdóttir


Jóhanna Laufey Ólafsdóttir